

Hvalfjarðarsveit  
b/t Bogi Kristinsson Magnusen  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Reykjavík 20. febrúar 2019  
UST201902-072/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Lýsing – Deiliskipulag í Narfastaðalandi – Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Narfastaðaland 4 í Hvalfjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að landið er 28,3 ha en deiliskipulagið nær til 1,5 ha landsins. Tillagan mun gera ráð fyrir bygginarreitum undir gróðurhús og íbúðarhús, heimreið og bílapan.

**Mýri**

Í greinargerð kemur fram að landið sé á framræstri mýri, sem hentar vel undir hvers kyns landbúnað.

Umhverfisstofnun telur að landið sé votlendissvæði og falli því undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa sem taldar eru upp í 1. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.


Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækkilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

### Vistgerðir


Umhverfisstofnun telur að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðin starungsmýrarvist þar sem verndargildi þeirra er skilgreint mjög hátt og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögnum og að vistgerðunum verði ekki raskað.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur